

# Íslenska 7. bekkur

2018 - 2019

## Kennari: Hrafnhildur Valgarðsdóttir

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða haldgóðrar menntunar. Lestur er öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti forsenda virkrar þátttöku í samfélaginu.

Meginmarkmið með íslenskunámi er að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til málsins og nái góðu valdi á því. Þeir þurfa því að fá rikuleg tækifæri til að kynnastr áhrifamætti þess og margbreytileika. Miklu skiptir að nemendur átti sig á hve mikilvæg íslenskan er fyrir hugsun þeirra, sjálfsmýnd og framtíð í námi og starfi í lýðræðisþjóðfélagi.

Öll kennsla í Grunnskólanum á Hellu byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Í greinahluta aðalnámskrár grunnskóla frá 2013 eru hæfniviðmið í íslensku sett fram í fjórum flokkum: Talað mál, hlustun og áhorf; Lestur og bókmenntir; Ritun og Málfræði. Á blaðsíðum 101-105 í 19. kafla aðalnámskrár, sem fjallar um íslensku, má sjá töflu yfir þá hæfni sem hver nemandi skal búa yfir við lok 4. 7. og 10. bekkjar. Sjá:

[http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli\\_greinanamskrar\\_netutgafa\\_2013.pdf](http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf)

## Kennsluhættir í íslensku hjá 7. bekk

Nemendur í 7. bekk fá kennslu í íslensku 6 x í viku

**Kennari:** Hrafnhildur Valgarðsdóttir, Særún Sæmundsdóttir kennir eina kennslustund á viku.

**Talað mál, hlustun og áhorf:** Nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir þekkingu sinni og skoðunum, þeir æfast í að tjá sig og fá leiðsögn um framsögn og skýran framburð bæði á eigin efni og annarra. Nemendur læri að hlusta á aðra og taka tillit til skoðana þeirra í umræðum og rökræðum. Nemendur taki þátt í leikrænni tjáningu ýmist sem fengist er við inn í bekk og tengist viðfangsefni hverju sinni eða sem tengjast sameiginlegum sýningum á vegum skólans sem eru tvær. Einnig er mikilvægt að nemendur þjálfist í að nýta sér margmiðlun sér til upplýsingaöflunar og læri að túlka og meta þær upplýsingar með gagnrýni í huga. Nemendur taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem hefst á Degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember og lýkur á vordögum.

**Lestur og bókmenntir:** Nemendur þjálfist í að velja sér lesefni eftir þörf og áhuga og geri sér grein fyrir gæðum þess og geti nýtt sér það í daglegu lífi sem og námi. Einnig er mikilvægt að nemendur geti skilið og túlkað það sem texti hefur að geyma, lært af því og geti miðlað þekkingu sinni til viðmælanda eða lesanda. Reynt er að láta nemendur lesa í skólanum eins oft og hægt er en nemendur eiga að lesa heima að minnsta kosti 5 daga vikunnar í 15 mín. hvert sinn. Æskilegt er að foreldrar örvi börnin í lestri, hvetji þau til að lesa upphátt, hlusti á þau og ræði efni og innihald texta. Nemendur lesa valdar sögur og ljóð í bland við margskonar textagerð m.a. fréttir og fræðsluefni. Nemendur fá einnig tækifæri til að velja eigið lesefni í tengslum við nám, þörf og áhuga.

**Ritun:** Nemendur þjálfist í tveim meginþáttum ritunar með fjölbreyttum ritunarverkefnum. Annars vegar textinn sjálfur, þ.e. textagerð, mál og stíll og hins vegar tæknilegum atriðum þ.e. skrift, stafsetningu og grunnaðgerðum ritvinnslu. Lögð er áhersla á að nemendur nái tókum á

að setja eigið efni skýrt og skipulega fram bæði handskrifað og á stafrænu formi. Í stafsetningu setja nemendur sér markmiði að þjálfa ákveðna stafsetningarþekkingu. Nemendur nýta texta sem þeir eru að lesa hverju sinni til að þjálfa réttritun samhliða því.

Nemendur þjálfaðir í réttri fingrasetning á tölvu sem auðveldar þeim að rita eigin texta hratt og örugglega í tölvu. Nemendur hvattir til að æfa fingrasetningu heima. Kannanir a.m.k. einu sinni á hverri önn sem mæla og meta færni nemenda í fingrasetningu á tölvu og niðurstöður þeirra settar inn á Mentor.

**Málfræði:** Nemendur fáist við margkonar viðfangsefni sem gerir þá betri málnotendur og glæðir áhuga þeirra á móðurmálinu. Málfræðikennslan verður ekki einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk í athugun á texta og töluðu máli, ekki síst í umfjöllun um texta nemenda sjálfra.

### **Námsgögn:**

Orðspor 2 og 3 lesbók og vinnubók

Vandamálið – minnsta málið.

Málrækt 3

Íslenskar orðabækur (handbækur í kennslustofu).

Mál er miðill. Námsbók í ritun og réttritun.

Réttritunarorðabók.

Verkefni af neti og úr ýmsum bókum.

Bækur að eigin vali sem og bókmenntaverk valin af kennara.

Ýmis konar efni af netinu; typing club og þjálfun í fingrasetningu á vef mms.is,

Orðaflaumsveggspjöld skólans og lesskilningsverkefni af Skólavefnum.

### **Námsmat:**

Lykilhæfni nemenda metin jafnt og þétt í allri vinnu sem fram fer í kennslustofunni ásamt þeim verkefnum sem nemandinn þarf að sinna sjálfur heima.

Kennt er samkvæmt lotukerfi þar sem þekking nemenda er könnuð í lok hverrar lotu og í því námsefni sem kennt hefur verið þá lotuna.